

Upplýsingar um SKOÐUN ÖKUTÆKJA

Almennt

Allir bílar, öll bifhjól (þó ekki létt bifhjól í flokki 1), skráðir eftirvagnar >750 kg og allir ferðavagnar (tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi o.þ.h.) og sumar dráttarvélar eru skoðunarskyld ökutæki. Eigandi (umráðamaður) ber ábyrgð á að færa ökutæki til skoðunar á réttum tíma.

Skoðunarár bifreiða

- **Fólksbíla og sendibíla:** Skal skoða á fjórða ári frá fyrstu skráningu, svo á tveggja ára fresti og loks árlega frá og með áttunda ári frá fyrstu skráningu (skoðunarregla 4-2-2-1..).
- **Vörubílar og hópbílar:** Þessa bíla á að skoða árlega.
- **“Leigubíll”, eðlavgna, skólabifreið, ökutæki til flutnings hreyfihamlaðra í atvinnuskyni og ökutæki til neyðaraksturs:** Bíla í þessum notkunarflokkum í ökutækjaskrá á að skoða árlega.
- **“Fornbíll”:** Þessa bíla skal skoða á tveggja ára fresti, talið frá fyrstu skráningu. Bílana þarf að skrá sérstaklega sem fornbifreið í ökutækjaskrá með umsókn til Samgöngustofu.*
- **Ökutækjaleiga (bílaleigu) og Ökukennsla:** Bíla í þessum notkunarflokkum þarf að færa til skoðunar á þriðja ári frá fyrstu skráningu, síðan á fimmta ári og svo árlega frá og með sjöunda ári frá fyrstu skráningu. (skoðunarregla 3-2-2-1..).

Skoðunarár bifhjóla

- **Bifhjól:** Sama regla og gildir um fólks- og sendibíla hér að ofan.
- **“Fornbifhjól”:** Sama regla og gildir um fornbíl hér að ofan. Hjólið verður að vera skráð fornbifhjól*.

Skoðunarár vagna

- **Eftirvagnar með leyfða heildarþyngd 750-3500 kg:** Sama regla og gildir um fólks- og sendibíla hér að ofan.
- **Eftirvagn með leyfða heildarþyngd yfir 3500 kg:** Þessa vagna á að skoða árlega.
- **Ferðavagnar (tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi):** (a) Ferðavagna á fyrst að skoða á fjórða ári og síðan annað hvert ár (talið frá fyrstu skráningu). Þó skal færa ferðavagna með heildarþyngd >3500 kg til skoðunar árlega.

Skoðunarmánuður innan ársins

Almennt skal færa ökutæki til skoðunar í skoðunarmánuði þess. Skoðunarmánuður er sá tölustafur sem er aftast á skráningarmerkinu. Sé bókstafur aftasti stafur skráningarmerkis (sum einkanúmer) er maí skoðunarmánuðurinn. Heimilt er að koma 6 mánuðum fyrir skoðunarmánuð innan almanaksársins og allt að tveimur mánuðum eftir skoðunarmánuð. Hafi ökutæki staðist skoðun fyrir 1. nóv árið áður er heimilt að færa það til skoðunar strax á nýju ári óháð endastaf. s.k. 10 mánaða regla.

Um fornbíla, bifhjól, fornbifhjól, húsbifreiðir og ferðavagna gildir almennt að skoðun skal vera lokið fyrir 1. júní á skoðunarári, þó í síðasta lagi fyrir 1. ágúst.

Endurskoðun

Almennt er gefinn frestur til loka næsta mánaðar til að færa ökutæki til endurskoðunar.

Vanrækslugjald

Allar upplýsingar um vanrækslugjald má nálgast á sérstökum upplýsingavef um vanrækslugjöld

<http://island.is/vanraekslugjald>

*Fornbifreið/bifhjól verður að vera skráð í notkunarflokkinn fornbifreið/bifhjól í ökutækjaskrá til þess að öðlast 2ja ára skoðanatíðni. Ekki er nægilegt að bifreið/bifhjól sé 25 ára að aldri. Hægt er að sækja um skráningu fornbifreiða/bifhjóla á næstu skoðunarstöð Frumherja hf.